



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
b.t. bæjarráð
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 27.11.2018

1806229 SH

Efni: Starfshópur um uppbyggingu á Dalbraut 4 - þjónustumiðstöð

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 12. júlí 2018 að skipa starfshóp til að koma með tillögur um endanlega útfærslu/hönnun á þjónustumiðstöð fyrir aldraða á 1. hæð Dalbrautar 4. Starfshópurinn hefur unnið verkefnið í samræmi við erindisbréf sem bæjarráð setti. Samkvæmt erindisbréfi er gert ráð fyrir að fyrir liggi að hönnun samkvæmt samkomulagi við Bestla ehf. skuli vera lokið fyrir 1. desember 2018. Starfshópur þarf því að hafa lokið vinnu sinni fyrir þann tíma.

Staða verkefnisins í dag:

Starfshópurinn hefur haldið 9. fundi og hefur verkefnið gengið vel. Gott samstarf hefur verið við fulltrúa Bestla ehf. og arkitekt þeirra. Starfshópurinn var sammála því að óska eftir ráðgjöf frá Ask arkitektum um hönnun á innra rými hússins/þjónustumiðstöðinni.

Það er ljóst að verkefnið mun taka lengri tíma en áætlað hefur verið enda leggur starfshópurinn áherslu á að vanda alla vinnu við tillögur að útfærslu/hönnun á þjónustumiðstöðinni. Fyrir hönd formanns starfshópsins er óskað eftir fresti til 20. febrúar 2019 til að skila lokaskýrslu hópsins til bæjarráðs.

Virðingarfyllst,

Svala Hreinsdóttir

Svala Hreinsdóttir

sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs

